

## Fundur í umhverfisnefnd 20. nóvember 2014

Mættir: Renars, Markús, Steinunn, Helga María, Sigga V, Angela, Helena, Berglind, Ronja, Elvar, Arna og Sigga Lára.

1. Þemavikan – kynning á sjálfsmati nemenda. Umræður um þemavikuna.
2. Tæma flokkunarílát – Sigga V fer reglulega í stofur og minnir á að tæma tunnur. Nemendur fara með flokkunarpoka að útidyrhurð því sorpaðstaðan hentar ekki börnunum. Bjarni húsvörður fer með sorpið á réttan stað.
3. Umræður um að slökkva ljósin og setja upp skilti sem minnir okkur á.
4. Plastpokanotkun er töluvert mikil í Heiðarskóla. Börnin blotna í læknum og þurfa plastpoka í skóna sína. Ákveðið að koma með poka að heiman til að nýta í þetta. Nota sama pokann oftast en einu sinni. Líka ákveðið að hætta að nota plastpoka í pappírslát. Tæma ílátin í stóran poka helst úr maís. Stefnum á að minnka plastpokanotkunina.
5. Matarleifavigtun framundan – umræður um tilganginn – við förum vel með matvælin og förum þá vel með náttúruna.
6. UNICEF – hreyfingin, söfnuðust rúmlega 106 þús krónur í Heiðarskóla.
7. Neysla – mikil neysla í heiminum. Umræður um að draga úr neyslu. Jólin framundan og gjafakaup hjá mörgum, við getum gefið upplifun í jólagjöf.

Fundi slitið klukkan 12:30